



Æskulýðsstarf 2007



Óvissuferð 19.apríl 2007

Efnisyfirlit :

<i>Æskulýðsnefnd Mána.....</i>	<i>2</i>
<i>Vefsíða æskulýðsdeildarinnar.....</i>	<i>3</i>
<i>Bloggsíða æskulýðsdeildarinnar.....</i>	<i>4</i>
<i>Kynningarfundur.....</i>	<i>5</i>
<i>Skemmtikvöld barna.....</i>	<i>5</i>
<i>Árshátíð unglunga og ungmenna.....</i>	<i>6</i>
<i>Leikjadagur og pylsupartý.....</i>	<i>6</i>
<i>K. Steinarsson mót.....</i>	<i>7</i>
<i>Æskan og hesturinn.....</i>	<i>8</i>
<i>Páskabingó.....</i>	<i>9</i>
<i>Félagspeysur.....</i>	<i>9</i>
<i>Fjölskyldureiðtúr.....</i>	<i>9</i>
<i>Reiðnámskeið.....</i>	<i>10</i>
<i>Óvissuferð.....</i>	<i>10</i>

Æskulýðsnefnd Mána

Æskulýðsstarf Mána var virkilega skemmtilegt, gefandi og fjölbreytt þennan veturinn. Æskulýðsnefndin lagði fram þéttskrifaða dagskrá. Sem dæmi um dagskráliði þennan veturinn má nefna polla, barna, unglinga og ungmenna töltnót, óvissuferðin var á sínum stað og margt fleira. Vefsíða og bloggsíða æskulýðsdeildarinnar voru einnig starfræktar af miklum myndarskap. Þar sem æskan er undirstaða og rót hvers hestamannafélags koma æskulýðsnefndarmenn að mörgum málum tengdum félaginu s.s. reiðnámskeiðum, sýningum, keppnum og ýmsum öðrum málum. Og með hjálp bæði félagsmanna og fyrirtækja á svæðinu varð æskulýðsnefndinni kleyft að halda úti metnaðarfullu og árangursríku starfi þar sem allir höfðu gaman af, ungir sem aldnir.

Æskulýðsnefndina skipa :


Gunnar Pétur Róbertsson
Haukur Aðalsteinsson
Bryndís Líndal Arnbjörnsdóttir
Sigrún Pétursdóttir

Vefsíða æskulýðsdeildarinnar

Æskulýðsnefndin heldur úti glæsilegri vefsíðu. Þar geta krakkar og foreldrar fengið allar þær upplýsingar um dagskrá og uppákomur nefndarinnar, nöfn og símanúmer allra krakka í félaginu, myndir og frásagnir frá öllum uppákomum, tenglar og leikjasíður, úrslit móta og margt margt fleira. Vefsíðan var mjög virk allan veturinn og fékk hún mörg þúsund heimsóknir á tímabilinu.

Slóðin á síðuna er :

<http://mani.is/aeskulydsdeild/index.htm>



Heimasíða æskulýðsdeildar Mána stofnuð í janúar 2006

Bloggsíða æskulýðsdeildarinnar

Samhliða vefsíðu æskulýðsdeildarinnar er opin bloggsíða þar sem krakkarnir geta spjallað saman, sett inn auglýsingar, tekið þátt í skoðanakönnunum og komið sínum skoðunum á framfæri.

Bloggsíðan er mjög virk og hefur fengið 18.400 heimsóknir þegar þetta er skrifað. Æskulýðsnefndin heldur einnig úti bloggsíðu fyrir fullorðna sem fær álíka margar heimsóknir. Greinilegt er að þessar þrjár netsíður (vefsíða æskunnar og bloggsíðurnar tvær) vantaði í félagsstarfið og eru þær komnar til að vera.

Slóðin á bloggsíðu æskunnar er :

<http://www.blog.central.is/mani1>



Bloggsíða æskulýðsdeildar Mána stofnuð í janúar 2006

Slóðin á bloggsíðu fullorðinna er :

<http://blog.central.is/hmfmani/index.php>

Kynningarfundur

Starfið hófst á vel heppnuðum kynningarfundum í félagsheimili Mána. Á fundinum var kynnt dagskrá vetrarins sem var afar glæsileg. Skráningar voru á reiðnámskeið og sýninguna Æskan og hesturinn. Nýir nefndarmenn, þau Haukur og Sigrún, komu inn í starfið í stað Begga og Hrefnu þar sem Beggi tók við formannsembættinu hjá hestamannafélaginu.

Skemmtikvöld barna

Skemmtikvöld polla og barna var haldið fimmtudagskvöldið 8. febrúar í félagsheimili Mána. Það er alveg hægt að segja að börnin kunna að skemmta sér og mætingin verulega góð. Mæting var virkilega góð. Börnin fóru í leiki og snæddu pizzur og snakk. Þetta var frábært skemmtikvöld sem heppnaðist í alla staði mjög vel og fannst æskulýðsnefndinni gaman að vera með svo áhugasömum börnum þetta kvöld.



Skemmtikvöld barna



Árshátíð unglunga og ungmenna

Árshátíð unglunga og ungmenna var haldin á Mánagrund 23. febrúar. Þetta árið fjölmenntu krakkar frá félögunum af höfuðborgarsvæðinu og var gríðarlegt stuð á grundinni það kvöldið. Flestir unglingar og ungmenni Mána fjölmenntu á árshátíðina og skemmtu sér konunglega.

Leikjadagur og pylsupartý

Sunnudaginn 25. febrúar var haldinn leikjadagur í reiðhöllinni. Það má með sanni segja að þetta hafi verið góður og skemmtilegur dagur. Mætingin var mjög góð og allir skemmtu sér konunglega. Farið var í marga leiki m.a. skeifukast, stórfiskaleik, fótbolta og margt margt fleira. Eftir allan hamaganginn bauð æskulýðsdeildin öllum upp á grillaðar pulsar, sleikjó og öl.

K. Steinarsson mótið

Eitt af því sem stendur uppúr þennan vetur er töltnót polla, barna, unglinga og ungmenna á Mánagrundinni. Mót þetta var í boði K. Steinarssonar og skráningin var alveg frábær eða 47 skráningar. Eins og áður er getið var þetta hreint út sagt glæsilegt mót. Veittur var verðlaunabíkar í 5 efstu sætin í hverjum flokki. Pollaflokkurinn var tvískiptur, pollar 1 og teymingarflokkur. Öllum börnum og pollum var veittur þátttökubíkar og fór það frábærlega fram. Tekið var eftir því eftir mótið að krakkarnir tvíefldust í hestamennskunni og bíða spennt eftir næsta móti. Einnig var veittur stór og glæsilegur farandbíkar fyrir glæsilegasta parið. Margir foreldrar og börn komu til æskulýðsnefndarinnar og þökkðu þeim fyrir glæsilegt mót og gladdi það æskulýðsnefndina mjög mikið en það eru nú samt krakkarnir í Mána sem eiga mesta hrósið því án þeirra hefði ekki verið hægt að halda svona flott mót.

Þess má geta að knapar greiddu ekkert skráningargjald því mótið var allt í boði K. Steinarssonar. Æskulýðsnefndin þakkar honum kærlega fyrir glæsilegt mót.

Æskan og hesturinn

Stórsýningin Æskan og hesturinn var haldin helgina 10 – 11 mars. Sýningin heppnaðist mjög vel og átti hestamannafélagið Máni flottan hóp þátttakenda. Atriðið var hið glæsilegasta og fékk æskulýðsnefndin Sigurð Kolbeinsson til að stjórna sýningu barnanna. Æskulýðsdeildin notaðist við gamla búninga sem breyttir voru á börnin. Í grímureiðina fóru svo 10 börn frá Mána og voru búningarnir glæsilegir og fór ekki á milli mála að þarna hafði verið lögð mikil vinna í búninga. Afreksmenn Mána gáfu ekki kost á sér þetta árið í Íslandsmeistaraatriðið. Æskulýðsnefndin sá alfarið um allan undirbúning Mánakrakkanna fyrir þessa sýningu og hélt æskulýðsnefndin nokkra fundi og fóru til dæmis nefndarmenn til Reykjavíkur 3 sinnum í mánuði á fundi vegna skipulagningar á sýningunni og æfingar með börnunum til að þau kæmu vel undirbúin og var einnig haldin æfing fyrir pollana til að þjálfra þau og hestana í að ríða í búningum.



Æslan og hesturinn 2007

Páskabingó

Páskabingó æskulýðsdeildarinnar var haldið þriðjudaginn 3. apríl. Þetta var án efa best sóttu páskabingó Mána hingað til. Um 75 félagsmenn sóttu bingóið og bauð æskulýðsnefndin upp á kaffi, djús og kex. Æskulýðsnefndin fékk yfir 40 páskaegg frá versluninni Kaskó. Páskabingóið hefur verið árlegur viðburður æskulýðsdeildarinnar. Þetta kvöld heppnaðist rosalega vel og voru allir ánægðir.

Félagspeysur

Æskulýðsnefndin hefur áform um það að gefa virkum krökkum í félagsstarfinu peysur merktar Mána vegna mikils rekstrargróða.

Fjölskyldureiðtúr

Fjölskyldureiðtúrin á vegum æskulýðsdeildarinnar var laugardaginn 13. maí. Við fengum sæmilegt veður, en mæting var mjög léleg þar sem aðeins heilir 5 mættu. Lagt var af stað frá reiðhöllinni kl 12 og riðið út í Árnarétt. Stemningin var góð í þessum fámenna hóp og vonum við bara að það verði fleir næst.

Reiðnámskeið

Æskulýðsnefndin tók að sér að sjá alfarið um reiðnámskeiðin þetta árið og rann hagnaður námskeiðanna beint til æskulýðsdeildarinnar. Æskulýðsnefndin var virkilega ánægð að fá að taka þetta að sér þar sem hún sá hagnað renna til barnanna í félaginu en því miður var hagnaðurinn ekki mikill þetta árið. Kennarar voru Þórhalla og Siggi Óli og unnu þau góð störf.

Óvissuferð

Óvissuferð Æskulýðsdeildar Mána var farin 19. apríl á sumardaginn fyrsta. Þessi ferð var sko ekki síðri en ferðin sem farin var í fyrra. Við lögðum af stað frá Mánagrund kl 9:15 og var ferðinni haldið inn í Sandgerði. Við skoðuðum Fræðasetrið í Sandgerði og var þar margt skemmtilegt að sjá. Eftir fræðasetrið var ferðinni haldið í Reykjavík og stoppað í Egilshöll. Þar fór hópurinn á skauta. Það leyndust margir efnilegir listskautarar í hópnum og má þar helst nefna Hauk Aðalsteinsson. Hann sýndi afar fallega takta og tilburði. En við skulum ekkert fara nánar út í það.

Eftir Egilshöllina var ferðinni haldið á Stokkseyri. Við fórum á Veiðisafnið. Þar var heill hellingur af uppstoppuðum dýrum. Gíraffi, Sebrahestur, Antilópur, Villisvín og margt fleira. Eftir Veiðisafnið var farið á nýtt safn á Draugasetrinu sem heitir Álfar, tröll og norðurljós. Þetta er virkilega skemmtilegt og flott safn og höfðu krakkarnir mjög gaman af þessu og fóru margar ferðir í gegn.

Eftir Stokkseyri var ferðinni haldið austar. Við fórum í hestasundlaugina á Ási. Þar tók hann Jakob á móti okkur og

sýndi okkur hvernig Þóroddur frá Þóroddstöðum tók nokkra sundspretti. Eftir sundið var svo haldið á bæinn Hvol. Þar tóku hjónin alveg glæsilega á móti hópnum og buðu krökkunum upp á ís og svala. Svo fór Þorvaldur í hnakkinn og sýndi okkur hinn magnaða hest Rökkva frá Hárlauksstöðum.

Að lokum var farið í keiluhöllina og spiluð diskó keila. Þegar allir voru búnir að spila var haldið inn í veislusalinn og þar beið okkar pizzuveisla. Svo var ferðinni haldið heim og var hópurinn kominn til Keflavíkur aftur kl 20:30

Langur en alveg magnaður dagur. Ferðin gekk í alla staði vel enda þarna frábær og þrúður hópur á ferð.

Hér koma nokkrar myndir úr þessari skemmtilegu ferð.



